

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 19. desember 2022

Mál nr. S-667/2022:

Ákærvaldið

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 2022, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara dags. 31. mars 2022, á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir líkamsárás og nauðgun aðfaranótt fimmtudagsins 19. mars 2020, með því að hafa við [...], veist að A, kennitala 000000-0000, kveikt á kúlublysi og skotið úr því í áttina að A svo kúlurnar lentu í baki hans, elt A upp á [...], ýtt á bak hans svo hann féll fram fyrir sig á andlit, haldið honum niðri og sett fingur í endaparm A þar sem hann lá, allt með þeim afleiðingum að A hlaut opið sár á höfði og yfirborðsáverka á hægri olnboga, þumalfingri vinstri handar, hægra hné og vinstri fæti.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr. og 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, auk dráttarvaxta, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/12001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er

Þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða þóknun til handa brotþola, að skaðlausu, skv. mati dómsins vegna hagsmunagæslu við að hafa uppi kröfuna og eftir atvikum þóknun lögmanns komi til þess að lögmaður gæti hagsmuna brotþola.

Við fyrirtöku málsins 19. maí 2022 var ákveðið að aðalmeðferð málsins skyldi fara fram 20. september 2022 en tveimur dögum fyrir aðalmeðferðina gerði verjandi ákærða aðvart um það að ákærði myndi gera kröfu til þess að málinu yrði vísað frá dómi. Var þá ákveðið að málið yrði sérstaklega flutt um þá kröfu ákærða og fór munnlegur málflutningur um þá kröfu fram 20. september 2022. Með úrskurði réttarins 28. september 2022 var fallist á kröfu ákærða um frávísun málsins frá héraðsdómi. Úrskurðurinn var kærður til Landsréttar og með úrskurði 5. október 2022 í máli réttarins nr. 597/2022 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi og lagt fyrir dóminn að taka málið til efnismeðferðar.

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara, komi til sakfellingar, er þess krafist að ákærða verði gerð sú vægasta refsing sem lög frekast heimila. Þá er þess aðallega krafist að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II

Málavextir:

Aðfararnótt fimmtudagsins 19. mars 2020 var lögreglu tilkynnt að manni væri veitt eftirför á Arnarneshæð af öðrum manni. Þegar lögregla kom á vettvang, sem var aðreinin af [...] til suðurs, voru þar tveir menn, ákærði í máli þessu og brotþoli A og virtust þeir báðir í annarlegu ástandi. Voru þeir báðir móðir og mäsandi, föt þeirra skítug og þeir voru ekki í skóm. Brotþoli var með áverka í andliti. Ákærði og brotþoli voru aðskildir og settir í handjárn til að tryggja öryggi á vettvangi.

Brotþoli kvaðst hafa verið heima hjá ákærða að [...], sem er skammt frá vettvangi, og þeir verið saman út í bílskúr eða í herbergi sem er inn af honum. Áður en þeir hafi farið þangað hafi þeir verið á veitingastað við [...]. Brotþoli kvaðst hafa sofnað en vaknað við það að ákærði hafi verið að hrista brotþola og ákærði hafi haldið á flugeldum og verið ógnandi. Brotþoli kvaðst því hafa ætlað að forða sér og tekið til fótanna. Ákærði

hafi veitt brotþola eftirför og skotið að honum flugeldum eða öllu heldur blysum. Hann hafi þá hringt í 112 og óskað eftir aðstoð en ákærði hafi náð brotþola við göngustíginn þar sem lögregla hafi komið að þeim. Þar hafi ákærði ýtt á brotþola sem hafi fallið fram yfir sig og lent með andlitið í stéttinni. Talaði hann einnig um að ákærði hafi sennilega sett fingur í „rassinn“ á sér. Brotþoli sagði að hann og ákærði hafi þekkt í mörg ár. Þá kemur fram í frumskýrslu lögreglu að framburður brotþola hafi verið nokkuð skýr en hann hafi þó verið í annarlegu ástandi. Hann hafi sagt að hann hafi aðeins neytt áfengis.

Ákærði virtist í annarlegu ástandi og illa áttaður. Hann kvaðst hafa verið með brotþola í bílskúrnum og þar hafi hann gefið ákærða ofskynjunarlyf. Næsta sem ákærði hafi munað hafi verið að hann hafi verið að veita brotþola eftirför þar sem ákærði hafi ætlað að berja brotþola en ákærði vissi ekki hvers vegna því þeir væru félagar. Ákærði kannaðist ekki við að hafa barið brotþola en hann hafi tekið skóna af ákærða og hent þeim inn í runna. Skórnir fundust skammt frá þar sem ákærði og brotþoli voru þegar lögregla kom á vettvang.

Lögreglumenn fóru að [...] til að kanna aðstæður. Þar hittu þeir fyrir B sem kvaðst hafa verið sofandi ásamt syni sínum þegar lögreglumenn hafi komið þangað. Lýsti hún því að hún og ákærði væru að skilja en hann hafi verið hjá þeim í kvöldmat en síðan farið út að hitta vini sína. Eftir það hafi hún ekki séð ákærða. B hleypti lögreglumönnum inn í bílskúrin og þar var ekkert óeðlilegt að sjá fyrir utan það að þar voru nokkrar tómar bjórdósir á víð og dreif. Hún kvaðst ekki hafa orðið var við mannaferðir í bílskúrnum.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu felldi niður rannsókn málsins 17. ágúst 2020. Í ákvörðun um niðurfellingu málsins, sem send var ákærða og brotþola, var tekið fram að kæmu ný sakargögn fram í málinu væri unnt að taka rannsókn þess upp að nýju, sbr. 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í rökstuðningi lögreglustjóra fyrir ákvörðun um niðurfellingu málsins, eftir að hún var kærð til ríkissaksóknara, kemur fram að ætlað brot hafi verið talið varða við 217. gr. almennra hegningarlaga. Af þeirri ástæðu hafi ekki farið fram frekari rannsókn á málinu og það sett í bið í þeim tilgangi að bíða þess hvort brotþoli myndi leggja fram kæru. Þegar hann hafði ekki gert það tæplega fimm mánuðum eftir að atvik urðu hafi ekki verið talið tilefni til þess að fylgja málinu

frekar eftir. Lögregla tók því þá ákvörðun að hætta rannsókn málsins m.a. vegna þess að engum vitnum hafi verið til að dreifa að meintum átökum ákærða og brotþola.

Brotþoli kærði ákvörðun lögreglustjóra um að hætta rannsókn málsins til ríkissaksóknara 7. nóvember 2020 og krafðist þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Ríkissaksóknari taldi kærana hafa borist eftir að kærufrestur var liðinn og því var hún ekki tekin til efnislegrar meðferðar heldur vísað frá. Hins vegar taldi ríkissaksóknari rétt að rannsókn málsins yrði tekin upp með hliðsjón af upplýsingum sem fram komu í kærinni til ríkissaksóknara um að brotþoli hafi við skoðun á slysadeild verið með áverka á höfði og við endarm. Því var lagt fyrir lögreglu að hefja rannsókn málsins að nýju. Skyldi afla gagna vegna komu brotþola á slysadeild og skýrslur teknar af honum og ákærða. Í framhaldi af því yrði metið hvort frekari rannsóknaraðgerða yrði þörf.

Samkvæmt læknisvottorði dags. 3. maí 2021 kom brotþoli í fylgd lögreglu á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi í kjölfar atviksins. Þar er atvikum lýst þannig að ákærði hafi skotið flugeldum í brotþola sem hafi reynt að flýja og hlaupið út. Ákærði hafi hlaupið á eftir brotþola, hrint honum í jörðina og hann lent á enninu. Ákærði hafi lagst ofan á brotþola og troðið fingri í endarm hans. Áverkar voru opið sár á höfði og yfirborðsáverkar á olnboga, hendi/þumli, fótlegg og á fæti/rist. Brotþoli leitaði á Neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis á Landspítalanum 20. mars 2020 eða rúmum einum og hálfum sólarhring eftir atvikið. Í skýrslu læknis og hjúkrunarfræðings er atvikum lýst þannig að ákærði hafi ráðist að brotþola og skotið að honum blysum. Ákærði hafi síðan elt brotþola, hrint honum í runna og troðið fingri í „rassinn“ á brotþola aftur og aftur.

Í vottorði geðlæknis Landspítalans dags. 12. maí 2021 kemur fram að brotþoli hafi leitað á bráðamóttöku geðþjónustu 19. mars 2020 og verið innlagður á móttökugeðdeild fíknimeðferðar frá 19. til 23. mars 2020. Þá kemur fram að brotþoli hafi verið í mikilli [...] Hann hafi leitað á bráðþjónustuna vegna vanlíðunar í kjölfar líkamsárásar með kynferðisofbeldi. Þá er atvikum lýst þannig að ákærði hafi veitt brotþola eftirför, náð honum og komið til átaka sem hafi endað með því að ákærði hafi rekið fingur upp í endarm brotþola. Einnig kemur fram að brotþoli hafi verið með sjálfskaðahugsanir um að taka eigið líf og því hafi hann verið lagður inn á móttökugeðdeild fíknimeðferðar

til frekari meðferðar. Þá segir að þurft hafi að vísa brotþola af deildinni þar sem hann hafi orðið uppvís að [...] inni á deildinni í félagsskap annarra sjúklinga. Eftir þetta hafi brotþoli ekki leitað aftur eftir geðþjónustu á Landspítalanum. Þá segir að geðlæknirinn, sem gerði vottorðið, hafi engar forsendur til að meta hvort meint brot hafi valdið brotþola varanlegum skaða. Þó sé sennilegt að það ásamt fyrri áföllum hafi haft samverkandi áhrif sem flækja líf hans og líðan og geri honum erfitt fyrir með að ná tökum á edrúmennsku.

Í vottorði læknis segir að brotþoli hafi leitað á heilsugæslu HSS 9. desember 2020 og greint frá meintu kynferðisbroti og hvaða áhrif það hafi haft á andlega líðan hans. Það hafi setið mikið í brotþola, valdið honum vanlíðan, truflað svefn, valdið einangrun og kvíða. Brotþoli sé var um sig og forðist að fara út. Það er klínískt mat læknisins að brotið, eflaust í bland við aðra þætti/önnur atvik, hafi haft töluverð áhrif á andlega heilsu brotþola.

Í bréfi Bjarkarhlíðar dags. 17. mars 2022 kemur fram að brotþoli hafi komið þangað í móttökuviðtal 14. október 2020. Í vottorði [...] dags. 22. mars 2022 kemur fram að brotþoli hafi legið inni á [...] frá 29. október til 10. nóvember 2020 og í framhaldinu farið í inniliggjandi [...]. Í dvölinni hafi brotþoli sagt frá kærumáli vegna kynferðismisnotkunar sem hann hafi orðið fyrir í mars 2020 og hann sé að vinna í því með fagaðilum.

Brotþoli, A, lagði fram kæru og gaf skýrslu hjá lögreglu 25. mars 2021. Hann kvaðst hafa þekkt ákærða í mörg ár eða öllu heldur hafi þeir verið kunningjar. Umrætt kvöld hafi brotþoli hitt ákærða á veitingastað og þeir síðan farið heim til ákærða á [...] og þar út í bílskúr. Brotþoli kvaðst hafa verið í neyslu fíkniefna á þeim tíma og þeir farið heim til ákærða í þeim tilgangi að fá sér kókaín í nefið sem ákærði hafi sagst eiga. Ákærði hafi sett línur á disk og brotþoli tekið tvær línur og þeir hafi einnig fengið sér bjór. Næst kvaðst brotþoli muna eftir sér þegar ákærði hafi verið að reyna að klæða brotþola úr peysunni þar sem hann hafi setið á skrifborðsstól. Þegar hann hafi spurt hvort ekki væri allt í lagi hafi ákærði tryllst, öskrað á brotþola og rekið hann út. Ákærði hafi síðan farið á bak við bifreið inn í bílskúrnum, kveikt á skotblysi og skotið að brotþola. Hann hafi hlaupið út á sokkunum og frá húsinu en skilið skó sína eftir. Ákærði hafi hlaupið á eftir

brotapola og ákærði öskrað að hann ætlaði að drepa brotapolu. Kona ákærða hafi þá komið út og spurt hvað væri í gangi og þá hafi ákærði sagt að þetta væri helvítið hann A [...] og ákærði ætli að drepa hann. Brotapoli hafi þá sagt að hann ætlaði að hringja í lögregluna og þá hafi ákærði orðið enn reiðari. Brotapoli hafi hringt á Neyðarlínuna og haldið áfram að hlaupa frá ákærða en hann hafi náð að skjóta af blysi í bak brotapolu og það hafi komið göt á peysu hans. Þegar brotapoli hafi verið kominn á göngustíg við Arnarnesbrúnna hafi ákærði náð að ýta aftan á brotapolu með þeim afleiðingum að hann hafi dottið beint á andlitið í jörðina og fengið skurð. Ákærði hafi slegið brotapolu tvö eða þrjú högg í kviðinn og eitt í gagnauga. Ákærði hafi síðan rifið brotapolu upp og inn í trjárinna og þar hafi ákærði farið ofan á brotapolu og sagst ætla að nauðga honum. Ákærði hafi þá farið með hendi inn fyrir buxur brotapolu að aftan og troðið tveimur eða þremur puttum upp í endaparm hans. Brotapoli hafi síðan náð að komast undan ákærða og þá hafi lögreglan komið á vettvang. Þegar lögreglan hafi verið að handtaka ákærða hafi hann haldið fingrum á lofti og öskrað „finnið þið kúkalyktina af [...]“. Þá hafi ákærði verið að tala um lyktina af fingrum sínum eftir að hafa sett þá upp í endaparminn á brotapolu. Í kjölfar atviksins kvaðst brotapoli hafa fengið svo mikið áfall að hann hafi verið lagður inn á geðdeild daginn eftir atvikið og verið þar í fimm eða sex daga.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 7. júlí 2021. Hann kvaðst hafa hitt brotapolu á veitingastað áður en þeir hafi farið í bílskúrinna heima hjá ákærða þar sem brotapoli hafi sprautað sig með fíkniefnum. Ákærði hafi reiðst og þá komið til rýsinga á milli þeirra og ákærði ætlað að koma brotapolu út sem hafi þá byrjað að öskra og æpa. Ákærði hafi komið brotapolu út fyrir húsið en ákærði hafi hvorki sparkað í né kýlt brotapolu. Hann hafi haldið áfram að öskra fyrir utan húsið og ákærði reynt að koma brotapolu lengra og lengra frá húsinu. Þeir hafi síðan endað á þeim stað sem lögreglan hafi komið að þeim. Líklega hafi brotapoli lent í jörðinni þegar ákærði hafi verið að reyna að ná af honum síma og veski hans en brotapoli hafi varla verið fær um að standa í fæturna eftir að hafa sprautað sig með fíkniefnum og hann hafi einnig verið undir áhrifum áfengis. Brotapoli hafi því verið undir verulegum áhrifum vímugjafa. Ákærði kvaðst ekki hafa meitt brotapolu, ekki framið kynferðisbrot gagnvart honum né skotið að honum flugeldum.

Ákærði var spurður sérstaklega út í þau ummæli hans á vettvangi að hann hafi sett putta upp í rassgatið á brotapolu. Hann kvaðst vera með fullkomna skýringu á þessu og hann

hafi verið að tala um allt annað mál sem komi því máli sem hér er til umfjöllunar ekkert við. Hann hafi átt við eitthvað annað sem hafi átt sér stað fyrir um daginn. Hann hafi þá sett putta upp í rassgatið á manni sem honum þyki mjög vænt um en hann vildi síðan ekki útskýra það nánar.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:

Ákærði sagði að hann og brotþoli hafi verið við drykkju í bílskúr við heimili ákærða og hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Brotþoli hafi farið inn í herbergi inn af bílskúrnum og verið að sprauta sig þegar ákærði hafi komið þar inn. Ákærði kvaðst síðan hafa ætlað að henda brotþola út vegna þess að hann hafi verið að sprauta sig og það hafi komið til átaka á milli þeirra af þeim sökum. Þegar þeir hafi verið komnir út fyrir húsið hafi brotþoli reynt að komast aftur inn en ákærði reynt að reka brotþola frá húsinu. Ákærði hafi verið með blys sem hafi verið kveikt á en hann hafi ekki beint því að brotþola. Ákærði sagði að það gæti vel verið að hann hafi hrint brotþola fyrir utan húsið en þeir hafi síðan verið komnir nokkurn spöl frá húsinu þegar brotþoli hafi hringt á lögreglu og þeir verið komnir út í móa þegar lögreglan hafi komið á vettvang. Ákærði sagði að brotþoli hafi getað fengið áverka þegar þeir hafi verið að veltast á bifreiðaplani fyrir utan húsið og í móanum þar sem lögregla hafi komið að þeim. Ákærði lýsti átökunum sem glímutökum sem ekki hafi verið vinsamleg en hann kvaðst ekki hafa kýlt brotþola.

Ákærði neitaði því að hafa sett fingur í endaparm brotþola en það hafi komið umræða um það á vettvangi þegar lögreglumenn hafi verið yfir ákærða og brotþola. Ákærði hafi heyrt brotþola hrópa að ákærði hafi sett fingur í endaparm brotþola og ákærði hafi hlegið að því. Ummæli hans á vettvangi um að hafa sett fingur í endaparm brotþola hafi komið í kjölfar ummæla brotþola og hafi því verið um grín að ræða hjá ákærða.

Hjá lögreglu var ákærði spurður út í ummæli hans á vettvangi um að hann hafi verið með fingur í rassinum á vini sínum. Þá svaraði ákærði því til að það væri allt annað mál og kæmi því máli sem hér er til umfjöllunar ekkert við. Þetta hafi varðað eitthvað annað sem hafi átt sér stað fyrir um daginn en ákærði hafi þá sett fingur upp í endaparminn á manni

sem ákærða þyki mjög vænt um. Aðspurður um þennan framburð fyrir dómi sagði ákærði að þetta væri bara rugl og hann hefði svarað þessu til í stressi.

Ákærði upplýsti að mikil breyting hefði orðið á hans persónulegum högum síðan atvikið varð. Á þeim tíma hafi hann drukkið mikið en eftir atvikið hafi hann farið í áfengis meðferð og hann eigi konu og þau eigi von á barni í mars 2023. Ákærði kvaðst vera í vinnu.

Vitnið og brotapolinn, A, kvaðst hafa hitt ákærða á veitingastað í [...] og hann hafi boðið brotþola heim til sín. Þeir hafi verið í herbergi inn af bílskúrnum við heimili ákærða en hann hafi sagst eiga kókaín. Ákærði hafi sett fjórar línur af efni, sem hann hafi sagt vera kókaín, á borð og brotþoli hafi tekið tvær línur. Hann kvaðst hafa verið í fíkniefnaneyslu mjög lengi og fundið að efnið hafi ekki verið kókaín. Brotþoli kvaðst ekki hafa sprautað sig eins og ákærði heldur fram. Hann kvaðst síðan hafa dottið út og ekki munað eftir sér í líklega 15-20 mínútur en síðan vaknað við það að ákærði hafi verið að klæða brotþola úr peysunni. Ákærði hafi síðan sagt brotþola að fara út en hann hafi viljað fá skóna sína en ákærði neitað því. Hann hafi þá kveikt á skotblysi inn í bílskúrnum, beint því að brotþola og skotið á hann. Skot hafi lent bæði aftan og framan á brotþola. Hann hafi þá hlaupið út og frá húsinu en ákærði hafi veitt honum eftirför. Þá hafi kona ákærða komið og þá hafi hann sagt að þetta væri A [...] og ákærði ætlaði að drepa hann. Brotþoli kvaðst hafa hlaupið í átt að Arnarnesbrúnni og ákærði á eftir honum. Hann hafi náð brotþola nálægt brúnni, ýtt aftan á hann og hann þá fallið í jörðina. Ákærði hafi þá gripið í buxnastræng brotþola, dregið hann inn í trjágróður og lamið hann. Ákærði hafi sagst ætla að nauðga brotþola, farið með hendi inn fyrir buxur hans og stungið tveimur til þremur fingrum inn í endaparm brotþola sem hafi fundið mikinn sársauka. Brotþoli kvaðst síðan hafa náð ákærða af sér og þá hafi lögreglan komið á vettvang. Brotþoli fullyrti að ákærði hafi viljað svívirða brotþola og hann hafi þurft að verja sig þar til hjálp bærisk. Hann kvaðst hafa talið sig í stórhættu og skilið skó sína eftir í húsi ákærða þegar brotþoli hafi verið að reyna að komast undan ákærða. Brotþoli kvaðst hafa lýst því fyrir lögreglu á vettvangi hvað hefði gerst og lögregla hafi flutt hann á slysadeild.

Brotapoli lýsti því að þetta hafi haft mikil áhrif á hann andlega. Hann hafi reynt að deyfa sársaukann með því að sprauta sig með fíkniefnum en hann hafi aldrei sprautað sig fyrir atvikið. Eftir atvikið hafi hann m.a. átt erfitt með svefn, einangrað sig félagslega, aukið fíkniefnaneyslu og ekki stundað vinnu. Brotapoli kvaðst hafa sent ákærða skilaboð eftir atvikið á samfélagsmiðlum og sagst ætla að skila skömminni þangað sem hún ætti heima. Hann sagði ákærða hafa fengið mann til að hringja í brotapola og fá hann til að hætta við að kæra ákærða.

Vitnið, B fyrrum sambyliskona ákærða, sagði að ákærði hafi verið í kvöldmat en síðan farið út að hitta vini sína. Vitnið kvaðst síðan hafa vaknað við læti í bílskúrnum og farið út til að athuga hverju það sætti. Vitnið hafi þá séð ákærða með skotblys og hann hafi farið með það á eftir brotapola og beint því að honum. Það hafi síðan heyrt óp þegar þeir hafi verið komnir frá húsinu og þá farið á bifreið þangað sem þeir hafi verið. Þar hafi ákærði legið ofan á brotapola og þeir rúllað um en þeir hafi báðir verið undir miklum áhrifum vímuefna. Skömmu seinna hafi starfsmaður Garðabæjar komið á vettvang og þá hafi vitnið farið aftur heim til sín. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða setja fingur í endaparm brotapola.

Vitnið, C starfsmaður Garðabæjar, sagði að þegar það hafi komið á vettvang hafi maður staðið yfir öðrum manni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð átök á milli mannanna og það hafi ekki rætt við þá. Kona hafi verið á vettvangi og lögregla komið skömmu eftir að vitnið kom á vettvang.

Vitnið, lögreglumaður nr. D, sagði að tilkynnt hafi verið um átök á Arnarneshæð og tvær lögreglubifreiðar hafi verið sendar á vettvang. Þar hafi verið tveir menn verið í annarlegu ástandi en vitnið vissi ekki undir hvaða áhrifum þeir hafi verið. Vitnið kvaðst hafa haft afskipti af brotapola en hann hafi verið í uppnámi. Hann hafi lýst því að ákærði hafi ýtt á bakið á brotapola sem við það hafi fallið í jörðina og ákærði síðan sennilega sett fingur í endaparm brotapola. Vitnið kvaðst hafa flutt brotapola á slysadeild. Vitnið staðfesti frumskýrslu lögreglu.

Vitnið, lögreglumaður nr. E ([...]), sagði að tilkynnt hafi verið um mann sem væri veitt eftirför og hann væri hræddur. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi ekki verið vitað

hvað væri í gangi en þar hafi verið tveir menn og í því skyni að tryggja vettvang hafi þeir verið færðir í handjárn. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotþola inn í lögreglubifreið en hann hafi verið hræddur og ringlaður og ekki vitað hvað væri í gangi. Brotþoli hafi sagt að ákærði hafi hrint brotþola og potað í rassinn á honum. Brotþoli hafi verið undir áhrifum en vitnið vissi ekki hvort það væri vegna neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Vitnið kvaðst hafa verið í litlum samskiptum við ákærða.

Vitnið, lögreglumaður nr. F, sagði að tilkynnt hafi verið um tvo menn í átökum á Arnarnesbrú. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi þeir verið færðir í handjárn en þeir hafi verið æstir og í annarlegu ástandi. Vitnið mundi ekki hvað mennirnir hafi sagt um það sem hefði gerst en annar þeirra hafi átt að hafa ráðist á hinn og annar þeirra hafi átt að vera með flugelda. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotþola en það gat ekki sagt hvað hafi farið þeim á milli. Vitnið mundi óljóst eftir því að rætt hafi verið um að fingur hafi verið settur í endaparm.

Vitnið, lögreglumaður nr. G, mundi lítið eftir atvikum og það hafi ekki komið fyrst á vettvang. Tilkynnt hafi verið um átök á Arnarneshæð og vitnið hafi farið að húsi þaðan sem mennirnir hafi komið sem voru í átökunum. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við þá sem hlut áttu að máli á vettvangi og í raun aðeins verið þar til stuðnings þeim lögreglumönnum sem unnu að málinu.

Vitnið, lögreglumaður nr. H, kvaðst hafa gert upplýsingaskýrslu um samskipti ákærða og brotþola á samfélagsmiðlum. Um hafi verið að ræða gögn af Instagram reikningi brotþola sem vitnið hafi farið inn á í gegnum fartölvu. Vitnið kvaðst aðeins hafa sótt gögnin en ekki haft aðra aðkomu að málinu.

Vitnið, I sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði að ekki hafi fundist DNA snið ákærða á þeim lífsýnum sem hafi verið tekin af brotþola á Neyðarmóttöku. Það útiloki hins vegar ekki snertingu ákærða við brotþola. Þekjufrumur fari af mönnum á hverjum degi og þá sé alltaf spurning um hvað mikið magn sé að ræða. Hvort DNA snið ákveðins manns finnist á öðrum sé alltaf spurning hvað hafi verið um mikla snertingu að ræða. Umrædd sýni af brotþola svari því hvorki af eða á hvort ákærði hafi snert brotþola.

Vitnið, J læknir, kvaðst muna eftir að hafa tekið á móti brotþola á Neyðarmóttöku og hann hafi verið í uppnámi. Hann hafi þá verið búinn að gefa sögu hjá hjúkrunarfræðingi og vitnið hafi tekið þá frásögn að hluta til upp í skýrslu vitnisins. Brotþoli hafi lýst því að hafa verið við drykkju ásamt öðrum og sofnað en síðan vaknað við það að hinn maðurinn hafi verið að rífa brotþola úr fötunum. Brotþoli hafi barist á móti og farið út en þá hafi maðurinn veitt brotþola eftirför með blys í höndunum. Maðurinn hafi síðan náð brotþola og sett fingur upp í rassinn á honum. Vitnið sagði að brotþoli hafi ekki verið með áverka í endaparmi né á kynfærum. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, K hjúkrunarfræðingur, sagði að hringt hafi verið frá geðdeild LSH á Neyðarmóttöku LSH og skýrt frá því að brotþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti. Hann hafi komið á Neyðarmóttöku í fylgd starfsmanns á geðdeild. Brotþoli hafi lýst því að hann hafi farið heim með geranda og þeir drukkið þar. Hann hafi síðan vaknað við að gerandinn hafi verið að klæða brotþola úr peysu og síðan ráðist á hann og sprengt flugelda. Hann hafi þá hlaupið út og flúið en gerandinn hafi náð brotþola og sett fingur í endaparm hans. Brotþoli hafi gefið skýra frásögn en verið kvíðinn og sofið illa. Hann hafi sagt að atvikið hafi haft mikil áhrif á sig og eftir það hafi hann sprautað sig. Vitnið staðfesti skýrslu sína.

Vitnið, L geðlæknir, sagði að brotþoli hafi komið inn á geðdeild LSH í ársbyrjun 2020 og þar hafi hann skýrt frá kynferðislegu ofbeldi í samkvæmi í Garðabæ. Hann hafi verið tættur og hvumpinn og sýnt einkenni sem hafi getað bent til áfallastreituröskunar. Vitnið kvaðst ekki hafa hitt brotþola eftir að hann útskrifaðist af geðdeild í umrætt sinn. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, M sérfræðilæknir, kvaðst muna lauslega eftir því að hafa hitt brotþola á bráðamóttöku LSH en hann hafi rifjað málið upp með því að skoða vottorð sitt og læknabréf. Brotþoli hafi komið í fylgd lögreglu og verið miður sín, lítill í sér og brugðið. Hann hafi skýrt frá því að hann hafi verið í samkvæmi á Arnarnesi og þar hafi flugeldum verið skotið á hann. Hann hafi reynt að flýja en honum hafi þá verið hrint og hann lent á andlitinu. Sá sem hafi hrint brotþola hafi lagst ofan á hann og sett fingur í endaparminn á honum. Brotþoli hafi verið með áverka á enni og útlimum og þeir gætu hafa samrýmst frásögn hans. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, N læknir, kvaðst hafa hitt brotþola á heilsugæslu og hann hafi skýrt frá kynferðisbroti og afleiðingum þess. Hann hafi glímt við andlega erfiðleika og sagt þá vera afleiðingar brotsins. Brotþoli hafi verið með kvíða og fengið lyf vegna þess. Vitnið sagði erfitt að segja til um það hvort önnur atvik hafi haft áhrif á líðan brotþola.

Vitnið, O læknir hjá SÁÁ, kvaðst hafa rætt við brotþola en vottorð vitnisins, sem er meðal gagna málsins, sé skrifað eftir þeim sem hafi sinnt honum þegar hann hafi verið í meðferð hjá SÁÁ.

Vitnið, P starfsmaður Bjarkahlíðar, staðfesti að brotþoli hafi mætt þar í móttökuvíðtal. Starfsmaðurinn sem hafi rætt við brotþola sé hættur. Vitnið sagði að brotþoli hafi bókað víðtal hjá Rót en það hafi síðan verið afbókað.

IV

Niðurstaða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Þá metur dómari það hverju sinni hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Þá metur dómari það enn fremur ef þörf krefur hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna.

Við aðalmeðferð málsins gerði verjandi ákærða þá kröfu að hann yrði sýknaður af meintu broti gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sökum fyrningar og vísaði um það til 1. töluliðar 1. mgr. 81. gr. og 5. mgr. 82. gr. hegningarlaganna. Brot ákærða átti sér stað 19. mars 2020 og 17. ágúst sama ár tilkynnti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákærða og brotþola að rannsókn málsins hefði verið hætt þar sem ekki væri talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Þó var tekið fram að kæmu ný sakargögn fram í málinu væri unnt að taka rannsóknina upp að nýju, sbr. 3. mgr. 57. gr. sömu laga. Brotþoli kærði þessa ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara sem vísaði kærinni frá þar sem hún hefði borist of seint en beindi því samt sem áður til lögreglu að taka rannsókn málsins upp að nýju með bréfi dags. 29. janúar 2021. Brotþoli gaf skýrslu

hjá lögreglu 25. mars 2021 og ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 7. júlí sama ár. Ákæra í málinu var gefin út 31. mars 2022. Með hliðsjón af þessu verður ekki fallist á það að meint brot ákærða gegn 217. gr. almennra hegningarlaga sé fyrnt.

Ákærða er gefið að sök líkamsárás og nauðgun með því að hafa kveikt á kúlublysi og skotið úr því í bak brotþola, veitt honum eftirför, ýtt á bakið á honum svo hann hafi fallið fram fyrir sig á andlitið, haldið honum niðri og sett fingur í endaparm brotþola þar sem hann hafi legið. Við þetta hafi brotþoli fengið opið sár á höfuð og yfirborðsáverka á hægri olnboga, þumalfingur vinstri handar, hægra hné og vinstri fót.

Brotþoli lýsti því í skýrslutöku hjá lögreglu að ákærði hafi farið á bak við bifreið inn í bílskúr við heimili hans, kveikt á skotblysi og skotið að brotþola. Fyrir dómi lýsti brotþoli þessu þannig að ákærði hafi kveikt á skotblysi inn í bílskúrnum, beint því að brotþola og skotið á hann. Skot hafi lent bæði aftan og framan á brotþola. Ákærði neitaði því í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa verið með flugeld en fyrir dómi viðurkenndi hann að hafa kveikt á blysi en hann hafi ekki skotið úr því að brotþola. Vitnið B kvaðst hafa séð ákærða með skotblysi og hann hafi farið með það á eftir brotþola og beint því að honum en hún fullyrti ekki að ákærði hafi skotið á brotþola. Engin rannsókn fór fram á fatnaði brotþola með hliðsjón af því að kúlur úr skotblysi hafi lent á honum. Þá verður ekki séð að fram hafi farið líkamsskoðun á brotþola með tilliti til þess að hann hafi fengið kúlur úr skotblysi í sig en líklegt verður að telja að hafi svo verið hafi brotþoli átt að bera þess merki. Það sem fram er komið um sakargiftir á hendur ákærða hvað þetta varðar getur ekki talist nægjanlegt til þess að fullyrða að það sé hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi kveikt á kúlublysi og skotið úr því í áttina að brotþola þannig að kúlurnar hafi lent á baki hans. Telst þessi þáttur í sakargiftum á hendur ákærða því ósannaður og verður hann því ekki sakfelldur fyrir þetta.

Brotþoli hefur lýst því að ákærði hafi veitt brotþola eftirför frá húsi ákærða, náð honum og ýtt á bakið á honum með þeim afleiðingum að hann hafi fallið á andlitið á jörðina. Þeir hafi síðan átt í nokkrum átökum áður en lögregla hafi komið á vettvang. Við þetta hafi brotþoli hlotið þá áverka sem hann hafi verið með eftir samskiptin við ákærða. Ákærði neitaði því hjá lögreglu að hafa valdið þeim áverkum sem brotþoli var með eftir átökin en fyrir dómi sagði ákærði hins vegar að það gæti vel verið að hann hafi hrint

brotþola fyrir utan húsið og hann gæti hafa fengið áverka þegar hann og ákærði hafi verið að veltast á bifreiðastæði fyrir utan húsið og í móanum þar sem lögregla hafi komið að þeim.

Það liggur fyrir að brotþoli hljóp skólaus frá húsi ákærða og á flóttanum hringdi hann á Neyðarlínuna þar sem hann var óttasleginn og hræddur við ákærða. Af þessu má draga þá ályktun að brotþoli hafi talið að hann myndi ekki hafa í fullu tré við ákærða kæmi til átaka á milli þeirra. Ákærði hefur viðurkennt að hafa veitt brotþola eftirför og í frumskýrslu lögreglu er haft eftir ákærða að hann hafi ætlað að berjast brotþola en hvers vegna vissi hann ekki þar sem þeir væru félagar. Þá hefur ákærði eins og fram er komið viðurkennt að hafa lent í átökum við brotþola og eftir þau var hann með þá áverka sem lýst er í ákæru og eru þeir í samræmi við læknisvottorð sem er meðal gagna málsins. Af þessu þykir mega ráða að brotþoli hafi reynt að forða sér undan ákærða áður en brotþoli fékk þá áverka sem hann bar eftir átökin við ákærða. Þykir því mega fullyrða að ákærði hafi átt upptökin að átökunum þar sem brotþoli hlaut áverkana og til þeirra hefði ekki komið nema vegna þess að ákærði veitti brotþola eftirför frá heimili ákærða. Því getur 3. mgr. 218. gr. c. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki átt hér við eins og verjandi ákærða hélt fram við munnlegan málflutning.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins telst því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi valdið þeim áverkum sem brotþoli hlaut í átökum við ákærða og lýst er í ákæru. Með því gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt því.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu nefndi brotþoli það við lögreglumenn á vettvangi að sennilega hafi ákærði sett fingur í endaparm brotþola. Lögreglumenn á vettvangi voru með búkmyndavélar og meðal gagna málsins er skýrsla um rannsókn á upptökum úr myndavélunum. Þar kemur fram að á upptöku búkmyndavélar eins lögreglumannsins heyrir að brotþoli segir: „Hrinti mér í jörðina og svo tróð hann hendinni á sér upp í rassinn á mér.“ Skömmu seinna segir brotþoli: „... stinga puttanum á sér upp í rassinn á mér ... hvað er málið.“ Loks segir brotþoli: „... hann tróð puttanum á sér upp í rassgatið á mér ... þegar ég lá hérna niðri.“ Á upptöku búkmyndavélar annars lögreglumanns sést ákærði og heyrir í honum. Þar segir hann: „Þið þurfið ekkert að

halda í puttann á manni.“ Síðan lyftir hann vísifingri hægri handar og segir: „Á ég að segja þér með þennan putta hérna, veistu hvar hann var? Hann var upp í rass rass rassgatinu á vini mínum.“ Loks segir ákærði: „Langar þig að snerta puttann.“ Dómari hefur horft á upptökurnar, sem eru meðal gagna málsins, í heild sinni og fengið staðfest að þetta kemur fram á þeim. Við aðalmeðferð málsins var spilaður sá hluti af upptökunum þar sem ákærði segist hafa sett fingur í endaparm brotþola.

Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði vera með fullkomna skýringu á þessu og hann hafi verið að tala um allt annað mál sem komi því máli sem hér er til umfjöllunar ekkert við. Hann hafi átt við eitthvað annað sem hafi átt sér stað fyrir um daginn en hann hafi þá sett putta upp í rassgatið á manni sem honum þyki mjög vænt um en hann vildi síðan ekki útskýra það nánar.

Fyrir dómi neitaði ákærði því að hafa sett fingur í endaparm brotþola og sagði að ofangreind skýring hans hjá lögreglu hvað það varðaði væri ekki rétt og í raun bara rugl. Hann hafi svarað þessu til í stressi en það hafi komið upp umræða um þetta á vettvangi þegar lögreglumenn hafi verið yfir ákærða og brotþola. Ákærði hafi heyrt brotþola hrópa að ákærði hafi sett fingur í endaparm brotþola og ákærði hafi hlegið að því. Ummæli hans á vettvangi um að hafa sett fingur í endaparm brotþola hafi komið í kjölfar ummæla brotþola og hafi því verið um grín að ræða hjá ákærða.

Eins og fram er komið gaf ákærði mismunandi skýringar hjá lögreglu og fyrir dómi á þeim ummælum hans á vettvangi að hann hafi sett fingur í endaparm brotþola. Fyrir dómi sagði ákærði að skýring hans hjá lögreglu hafa verið rugl og hún hafi verið sett fram í stressi. Vegna þess skal tekið fram að skýrsla var fyrst tekin af ákærða vegna málsins hjá lögreglu í júlí 2021 eða tæplega 16 mánuðum eftir að atvik urðu. Í því ljósi þykir ekki sennilegt að ákærði hafi verið að gefa skýringar á háttsemi sinni í taugaveiklun. Þá verður það ekki ráðið af upptökum á vettvangi að ákærði og brotþoli hafi nefnt það í gríni að ákærði hafi sett fingur í endaparm brotþola. Ákærði gaf ekki trúverðuga skýringu á mismunandi framburði hans hjá lögreglu og fyrir dómi hvað þetta varðar og verður því ekki byggt á honum þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Eins og fram er komið lagði brotapolí fram kærú og gaf skýrslu hjá lögreglu 25. mars 2021. Þar lýsti brotapolí því að ákærði hafi veitt brotþola eftirför frá heimili ákærða og hafi brotapolí ekki náð að komast í skó sína áður en hann hafi forðað sér undan ákærða. Hann hafi síðan náð brotþola og ýtt aftan á hann þannig að brotapolí hafi fallið á andlitið í jörðina og við það fengið skurð í andlitið. Ákærði hafi síðan farið inn fyrir buxur brotþola að aftan og troðið tveimur eða þremur fingrum upp í endaparminn á honum.

Samkvæmt læknisvottorði LSH kom brotapolí á bráðamóttöku í fylgd lögreglu í kjölfar atviksins og hann var þá í talsverðu uppnámi. Við skoðun er haft eftir honum að hann hafi reynt að flýja undan árásarmanni en hann hafi hlaupið á eftir brotþola, hrint honum í jörðina og hann hafi lent á andlitinu. Árásarmaðurinn hafi síðan lagst ofan á brotþola og troðið fingri í endaparm hans. Brotapolí hafi verið með skrámur á hægri olnboga, vinstri þumalfingri, hægri hné og vinstri fót.

Um einum og hálfum sólarhring eftir atvikið leitaði brotapolí á Neyðarmóttöku Landspítala þar sem gerð var á honum réttarlæknisfræðileg skoðun. Þar er haft eftir honum að ákærði hafi hrint brotþola fram fyrir sig, rífið niður um hann buxurnar og rekið einn eða fleiri fingur upp í endaparminn á honum. Kemur fram að framburður brotþola hafi verið skýr og honum hafi liðið illa við að rifja þetta upp. Engir áverkar sáust á endaparmi brotþola.

Samkvæmt vottorði geðlæknis á Landspítala leitaði brotapolí á bráðamóttöku geðþjónustu daginn eftir að atvik urðu og var þá lagður inn á móttökugeðdeild fíknimeðferðar og var þar inni í fjóra daga. Fram kemur að brotapolí hafi verið í mikilli fíkniefnaneyslu og hann hafi aðallega verið að nota örvandi efni og kannabis. Brotapolí hafi lýst því að hafa lent í átökum við ákærða sem hafi endað með því að hann hafi rekið fingur upp í endaparm brotþola. Í vottorðinu segir síðan að brotapolí eigi fyrri sögu um áfallastreituröskun og svo hafi virst að atvikið hafi endurvakið fyrri einkenni með svefntruflunum, martröðum, viðbrigðni og kvíða.

Samkvæmt vottorði N læknis leitaði brotapolí til hans 9. desember 2020 þar sem hann greindi frá meintu kynferðisbroti í mars 2020 og andlegum afleiðingum sem brotið hafi haft á brotþola. Það hafi mikið setið í honum, valdið honum vanlíðan, truflað svefn og

valdið einangrun og kvíða. Hann sé var um sig og forðist að fara út. Hann hafi þurft kvíðastillandi lyf vegna þessa. Það var klínískt mat læknisins að brotið, eflaust í bland við aðra þætti/önnur atvik, hafi haft töluverð áhrif á andlega heilsu brotaþola. Hann hafi sjálfur sótt stuðning hjá tveimur miðstöðvum sem sérhæfa sig í stuðningi við þolendur ofbeldis og kynferðislegs ofbeldis. Brotaþoli hafi ekki verið í andlegu ástandi til að stunda vinnu.

Samkvæmt vottorði [...] lagðist brotaþola þar inn í október 2020 og hann fór einnig í framhaldsmeðferð á [...]. Í dvölinni greindi hann frá kynferðismisnotkun sem hann hafi orðið fyrir í mars 2020. Í fyrri legum hafi hann greint frá andlegu ofbeldi og áföllum frá fyrri tíð.

Ákærði og brotaþoli áttu samskipti á samfélagsmiðlinum Facebook eftir atvikið og í apríl 2020 segir brotaþoli m.a. við ákærða að hann hafi þrýst fingrum inn í endaparm brotaþola og hlegið á meðan. Þá segir brotaþoli einnig að það verði ekki hægt að komast að samkomulagi eftir því sem nær dragi rannsókn og fyrirtöku ákæru. Þá kemur fram hjá brotaþola að hann hafi verið edrú síðan ákærði hafi reynt að koma fram vilja sínum á Arnarnesbrúnni og hann hafi reynt að nauðga brotaþola.

Fyrir dómi fullyrti brotaþoli að ákærði hefði sett fingur upp í endaparm brotaþola og er það í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Framburður brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi hvað þetta varðar var því mjög á sama veg og er hann metinn trúverðugur enda samrýmist hann rannsóknargögnum málsins fyrir utan framburð ákærða.

Ákærði neitar því að hafa sett fingur í endaparm brotaþola og hann gaf mismunandi skýringar á því hjá lögreglu og fyrir dómi hvers vegna hann sagði á vettvangi að hann hafi sett fingur í endaparm brotaþola eins og fram er komið. Framburður ákærða hvað þennan þátt varðar er metinn ótrúverðugur.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en brotaþoli og ákærði hafi verið ágætis kunningjar áður en atvik urðu. Þá liggur fyrir að ákærði bauð brotaþola heim til sín umrætt sinn. Ekkert er því fram komið um það að brotaþoli hafi borið illan hug til ákærða og af þeirri ástæðu hafi brotaþoli ákveðið að bera rangar sakargiftir á hendur ákærða strax

í kjölfar þess að atvik urðu. Brotapoli lýsti því strax á vettvangi að ákærði hafi sett fingur í endaparm brotþola og er getið um það í frumskýrslu lögreglu og það kemur fram á upptökum úr búkmyndavélum lögreglu eins og rakið hefur verið. Lögregla flutti brotþola á slysadeild í kjölfar atviksins og samkvæmt læknisvottorði vegna þeirrar komu lýsti hann því þar að ákærði hefði troðið fingri í endaparm brotþola. Daginn eftir atvikið leitaði brotþoli á bráðamóttöku geðsviðs LSH og samkvæmt vottorði þaðan leitaði hann þangað vegna vanlíðunar í kjölfar líkamsárásar með kynferðisofbeldi. Þar lýsti hann því að hafa lent í átökum við ákærða sem hafi endað með því að hann hafi rekið fingur upp í endaparm brotþola. Á vettvangi sagðist ákærði hafa sett fingur í endaparm brotþola og ekkert þykir benda til þess að þau ummæli eigi ekki við rök að styðjast. Ákærði gaf ekki trúverðugar skýringar á því, hvorki hjá lögreglu né fyrir dómi, hvers vegna hann viðhafði þessi ummæli ef ekkert mark ætti að taka á þeim.

Að virtu öllu framanrituðu um það að ákærði hafi sett fingur í endaparm brotþola þykir það hafið yfir skynsamlegan vafa að svo hafi verið og þar með sannað að ákærði hafi gert það.

Í ákæru er sú háttsemi ákærða að setja fingur í endaparm brotþola talin nauðgun í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þ.e. önnur kynferðismök en samræði. Samkvæmt 18. gr. laganna er verknaður, sem refsing er lögð við í lögnum, ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögnum. Fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna verður aðeins refsað ef ásetningur ákærða hefur staðið til þess að fremja slíkt brot.

Í upphafi beindist rannsókn lögreglu að líkamsárás þ.e. broti gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. ágúst 2020 þar sem tilkynnt var um að rannsókn málsins hefði verið hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Með bréfi lögreglustjórans dags. 26. nóvember 2020 var það rökstutt hvers vegna rannsókn málsins var hætt. Þar kemur fram að brotþoli hafi tekið það fram á vettvangi að hann vildi kæra ákærða fyrir líkamsárás og lögregla hafi talið að sakarefnið varðaði 217. gr. hegningarlaganna. Af þeim sökum hafi ekki farið fram frekari rannsókn á málinu og það sett í bið í þeim tilgangi að bíða

Þess hvort brotþoli vildi fylgja málinu frekar eftir. Það hafi hann ekki gert með komu á lögreglustöð til að leggja fram kæru eða veita heimild til öflunar gagna frá heilbrigðisyfirvöldum. Af þeim sökum hafi ekki verið talið tilefni til þess að fylgja málinu eftir þegar tæplega fimm mánuðir hafi verið liðnir frá því að atvik áttu sér stað. Það að brotþoli hafi sagt á vettvangi að hann vildi kæra var ekki talið nægjanlegt til að hefja rannsókn þar sem meint brot var talið varða við 217. gr. hegningarlaganna. Í slíkum tilvikum hafi lögregla almennt þann háttinn á með vísan til 2. mgr. 217. gr. að hefja ekki rannsókn nema fyrir liggi skýr afstaða meints brotþola en því hafi ekki verið til að dreifa í þessu máli. Lögregla taldi þannig við upphaf rannsóknar að málið sneri aðeins að minniháttar líkamsárás en ekki væri um kynferðisbrot að ræða. Málið var ekki rannsakað sem slíkt fyrr en ríkissaksóknari hafði beint því til lögreglu að taka upp rannsókn málsins að nýju.

Eins og rakið hefur verið var aðdragandi þess að ákærði setti fingur í endaparm brotþola sá að hann reyndi að flýja á hlaupum undan ákærða. Hann veitti brotþola eftirför nokkurn spöl og ýtti í bakið á honum svo hann féll í jörðina. Þeir tókust síðan á og í þeim átökum fór ákærði með hendi inn fyrir buxur brotþola og setti fingur í endaparm hans. Þetta gerðist út á víðavangi og við nokkuð fjölfarna götu þó að næturlagi væri.

Að ofangreindu virtu verður að draga í efa að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að fremja kynferðisbrot gegn brotþola heldur hafi sú háttsemi ákærða að stinga fingrum í endaparm brotþola haft þann tilgang að meiða hann. Þegar höfð er hliðsjón af atvikum málsins, sbr. framanritað, geti háttsemin ekki talist til annarra kynferðismaka en samræðis í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærvaldið telst því ekki hafa axlað sönnunarbyrði sína hvað þetta varðar, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og verður því ekki hjá því komist að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sú háttsemi ákærða að setja fingur í endaparm brotþola var hins vegar þáttur í þeirri líkamsárás sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir gagnvart brotþola og varðar við 1. mgr. 217. gr. hegningarlaganna. Árás ákærða gagnvart brotþola var því mjög niðurlægjandi og meiðandi fyrir hann.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann fyrst dóm í maí 2002 en þá var hann dæmdur í 60 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og líkamsárás. Í júní 2003 var hann dæmdur í átta mánaða fangelsi og sviptur ökurétti fyrir hættu- og umferðarlagabrot. Dómurinn frá 2002 var þá dæmdur með. Í ágúst 2007 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti. Í október 2010 var hann dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og sviptur ökurétti fyrir fíkniefna- og umferðarlagabrot. Í janúar 2014 gekkst ákærði undir sektargreiðslu fyrir fíkniefnalagabrot og í mars 2018 gekkst hann undir sektargreiðslu fyrir vopnalagabrot. Þá gekkst ákærði undir sektargreiðslu og sviptingu ökuréttar fyrir ölvunarakstur í janúar 2020. Í febrúar 2020 hlaut ákærði dóm á Spáni og var dæmdur í 21 mánaðar fangelsi og sviptur ökurétti fyrir gáleysislegan akstur og óhlýðni gagnvart yfirvaldi. Ákærði gekkst undir sektargreiðslu 27. júlí 2020 fyrir akstur sviptur ökurétti og 9. febrúar 2021 var ákærði dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalabrot. Brot ákærða sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir var framið áður en hann hlaut síðastnefnda dóminn og því er um hegningarauka að ræða, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að því gættu og með hliðsjón af háttsemi ákærða sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir þykir hæfilegt að honum verð gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði. Nokkuð er um liðið síðan ákærði framdi brot sitt og verulegur dráttur varð á rannsókn málsins hjá lögreglu sem ákærða verður ekki kennt um. Þá verður ekki séð að ákærði hafi hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot síðan árið 2002. Fyrir dómi kom fram hjá ákærða að hann hefði breytt lífi sínu til betri vegar eftir atvikið og því var ekki mótmælt. Að teknu tilliti til þessa þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu gerir brotapolí, A, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.000.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Við brot ákærða hlaut brotapolí áverka og þá var brotið til þess fallið að hafa áhrif á andlega líðan hans til hins verra og það var sérstaklega meiðandi fyrir hann eins og fram er komið. Brotapolí á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með hliðsjón af atvikum málsins þykir hæfilegt að ákærði greiði brotápóla skaðabætur að fjárhæð 500.000 krónur sem beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. mars 2020 til 7. ágúst 2021 en dráttarvexti samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Brotapolí gerir kröfu til málskostnaðar en samkvæmt 3.

mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal ekki dæma brotapolum málskostnað hafi þeir fengið sér skipaðan réttargæslumann en þannig er ástatt í máli þessu. Réttargæslumanni brotþola verður því ákvörðuð þóknun sem telst til sakarkostnaðar, sbr. a. – lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 837.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar sem málsvarnarlaun verjanda fram að því að málinu var vísað frá héraðsdómi 28. september 2022 hafa verið greidd úr ríkissjóði þykir rétt að ákærði greiði málsvarnarlaunin sem nú eru dæmd en þau taka til vinnu verjandans eftir það. Þar sem ákærði hefur verið sýknaður af kynferðisbroti skal þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.171.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti greiddast úr ríkissjóði. Þóknunin tekur einnig til starfa réttargæslumannsins áður en málinu var vísað frá dómi með úrskurði réttarins 28. september sl. en þá var úrskurðuð þóknun 837.000 krónur og er sú fjárhæð inn í 1.171.800 krónum sem nú eru dæmdar. Ákærði greiði annan sakarkostnað 175.748 krónur en sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. mars 2020 til 7. ágúst 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 837.000 krónur. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns, 1.171.800 krónur greiðist úr ríkissjóði. Ákærði greiði annan sakarkostnað 175.748 krónur en sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Ingi Tryggvason